

Skrifstofa Alþingis
Atvinnuveganefnd

Reykjavík 7. febrúar 2013

Efni: Umsögn um 447. mál, þingskjal 561

I Breytt fyrirkomulag strandveiða

Áður en sérstaklega er veitt umsögn um þær breytingar á strandveiðum sem lagðar eru til á þessu þingskjali vill undirritaður lýsa yfir eindreginni andstöðu við á hugmyndafræði sem liggur á bak við núgildandi útfærslu strandveiðanna. Þannig telur undirritaður að strandveiðar eigi alfarið að stunda undir merkjum sóknarmarks en ekki skv. aflamarki. Takmörkun á veiðidögum í hverri viku, hámark á tímalengd hverrar veiðiferðar, takmörkun á veiðitímabili og takmörkun á fjölda færarúlla miðast að öllu leyti við að takmarka sókn. Þá eru stærðarmörk á fiskiskípum sem stunda mega strandveiðar einnig í eðli sínu sóknartakmörkun. Því væri eðlilegast og rökréttast að stíga skrefið til fulls, a.m.k. sem tímabundna tilraun til þriggja ára með sóknarmark á strandveiðunum. Í ljósi þess að strandveiðiafli verður aldrei meiri en svo, að hann er langt innan skekkjumarka við útreikninga Hafrannsóknarstofnunar á stofnstærð þorsks, er lagt til að strandveiðiaflinn verði utan við ákvörðun stjórnvalda um heildarafla. Hér er gerð eftirfarandi tillaga um útfærslu kerfisins til reynslu í þrjú ár:

1. Strandveiðitímabilið verði maí til ágúst ár hvert (óbreytt).
2. Strandveiðinni skipt á fjögur veiðisvæði, A, B, C og D. Ekki er heimilt að fara á milli svæða innan veiðitímabilsins (óbreytt).
3. Eignarhald og kvaðir um lögskráningu eiganda verði í samræmi þær breytingar sem lagt er til í því frumvarpi sem hér er til umsagnar.
4. Hver veiðiferð verði að hámarki 14 klst og veiðar má aðeins stunda frá mánudegi til fimmtudags (óbreytt).
5. Hámarksfjöldi rúlla verði þrjár á bátum innan við 6 m á lengd en annars fjórar.
6. Hámarksafli verði 550-750 þorskígildiskíló í veiðiferð en þetta magn verði ákveðið árlega í reglugerð.
7. Hámarksveiðidagafjöldi hvers báts verði 12 til 16 í hverjum mánuði og verði það einnig ákveðið árlega með reglugerð.

Rökstuðningur

Með því að setja reglur um fastan dagafjölda sem stunda má strandveiðar í hverjum mánuði eða á veiðitímabilinu yrði öryggi sjómanna stórlega aukið þar sem kapphlaup í varasömu veðri hyrfi. Einnig skapaðist eðlilegt ástand á mörkuðum fyrir afla strandveiðibátanna þar sem hann kæmi jafnar inn markaði en ekki allur á fyrri hluta hvers mánaðar. Loks gæfist tækifæri til að nýta strandveiðikerfið til margs konar samanburðar við aflamarkskerfin sem notuð eru við veiðar úr

flestum stofnum. Þannig gæti það orðið mikilvæg viðbót við fiskirannsóknir, ekki síst á grunnslóð, þar sem smábátasjómenn telja að mikið vanti á að nægjanlegar rannsóknir séu stundaðar.

Takmarkaðir aflamöguleikar - engin áhætta

Hafa verður í huga að tillögur Hafrannsóknarstofnunar um árlegan heildarafla byggist á mati sem bæði er varfærið og grundvallast á umdeildum vísindalegum forsendum og reikniaðferðum. Án þess að fara út í umræðu um útreikninga á stofnstærð, um aflareglu, skekkjumörk á mælingum og útreikningum, mat á brottkasti o.fl. er því haldið fram að þeir þættir séu langtum stærri að magni til en sem svarar hugsanlegu heildarhámarki á strandveiðiafla.

Ljóst er að strandveiðar verða aldrei magnveiðar sem geta ógnað þorsstofninum eða öðrum þeim stofnum sem veiðast á handfæri (aðallega ufsi og makrill). Með því að gefa sér að jafnaði 50 daga úthald á hverri strandveiðivertíð og meðaltalsafla á veiðidag 400 kg. fást út 20 tonn á hvern bát. Miðað við 600 strandveiðibáta yrði heildaraflinn 12.000 tonn.

Fróðlegt er að bera þetta saman við nokkrar stærðir sem fengist hafa út úr nýlegum rannsóknum:

1. Áætlað er að selastofnar við landið éti a.m.k. 20.000 tonn af þorski árlega í viðbót við margar aðrar bolfiskstegundir í umtalsverðu magni.
2. Nýlega kom fram að hnúfubaksstofninn hér við land er talinn éta um 15 þús tonn á sólarhring eða um 5.5 milljónir tonna á ári. Væri 1% af því þorskur þýddi það að 55 þús tonn af þorski færi ofan í hnúfubakinn einan á ári.
3. Rannsóknir hafa sýnt að allt að 6% fæðu hrefnu er þorskur. Það jafngildir a.m.k. 30 þús. tonnum af þorski á hverju ári. Færi slíkt hlutfall þorsks ofan í hnúfubakinn (það er ekki þekkt) væri þar um að ræða meira en 300 þús tonn af þorski árlega!!

Af þessum dæmum má sjá, að áhættan við að stunda strandveiðar utan aflmarkskerfis með þeim sóknartakmörkunum sem hér eru lagðar til er nánast engin. Hins vegar er ávinningurinn mikill bæði með tilliti til áhrifa á sjávarplássin víðs vegar um landið sem og til atvinnusköpunar. Þá skapaðist jafnræði milli svæða og útgerða með þessu fyrirkomulagi. Loks fengist af þessu viðbótar vísindaleg reynsla og þekking. Gæfist þetta fyrirkomulag vel og ákveðið yrði að halda því áfram að tilraunatímabilinu loknu, væri stigið stórt skref í þá átt að hér við land yrðu stundaðar einstaklingsbundnar „frjálssar handfæraveiðar“ yfir sumartímann, eins og upphaflega var markmiðið með strandveiðunum.

II Lágmarksbreytingar nú

Verði ekki orðið við því að sinni að setja strandveiðarnar í sóknarmark utan heildaraflamarks leggur undirritaður til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á þeirri breytingartillögu sem lögð er fram á þingskjali 561:

2. gr. a. hljóði svo:

- Í stað orðanna „6000 lestir af óslægðum botnfiski sem nýttar skulu“ í 1. mgr. kemur: 3,6% af leyfðum heildarafla þorsks, þó aldrei minna en 6500 lestir og 3,6% af heildarafla ufsa, þó aldrei minna en 1800 lestir, sem nýta skal.
- Á eftir 1. máls. 1. tölul. 5. mgr. kemur nýr málsliður: Óheimilt er að fara til veiða á mánudegi eftir sjómannadag og á fimmtudag fyrir verslunarmannahelgi.
- Við 7. mgr. skal bæta: Fjöldi sóknardaga skal ákveðinn sem $\frac{3}{4}$ af fjölda veiðidaga á viðkomandi svæði um næstliðið ár, þó aldrei færri en 12 dagar. Sækja þarf

Rökstuðningur

Í ljósi þess hversu lítill hluti heildaraflamarks fer til strandveiða er lagt til að hér verði sett „gólf“ á heildarafla. Þótt ýmislegt bendi til aukningar á aflaheimildum í þorski á næstu árum er nauðsynlegt að strandveiðiflotinn hafi ákveðinn lágmarksafla til skiptanna.

Í annan stað er ljóst, að ef ekki á að leyfa að strandveiðar hefist fyrr en kl. 12 á hádegi á mánudegi eftir sjómannadag er allt eins gott að banna allar veiðar þann dag, enda ekki hægt að ná nema nokkurra klst. veiðiferð. Viðast er miðað við að löndun eigi sér stað á tímabilinu kl. 17-20 þannig sjóferðin gæti í reynd ekki staðið nema í 5 – 7 klst. af þeim 14 klst. sem almennur veiðidagur er. Varðandi tillögu um veiðibann á fimmtudegi fyrir verslunarmannahelgi má vísa til þeirra stöðu sem upp kom sl. sumar á þessum tíma.

Jákvætt er að gefa tækifæri til að velja fjölda daga til veiðanna í maí og ágúst en hér er lagt til að tilgreina einnig lágmarksdagafjölda auk hlutfalls af veiðidögum fyrra árs.

Virðingarfyllt

Magnús Jónsson

Logafold 81, 112 Reykjavík